

Loðnummjöl \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi \$ 520,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum skulu nema 50% fyrir mjöl og 65% fyrir lýsi af verðbreytingum frá viðmiðunarverði.

Verðin miðast við eif. og gerast upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. mars 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

10. febrúar 1981.

Nr. 138.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar við austanverða Dalbrekku frá Nýbýlavegi og í framhaldi af því skulu bifreiðastöður vera bannaðar við norðanverða götuna 10 metra til austurs.
2. Umferð um Hamraborg, frá Vallartröð að hlaði Kópavogskirkju, njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð aðliggjandi gatna, þannig að umferð þeirra víki fyrir umferð um Hamraborg, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968.
3. Strætisvögnum er heimill akstur gegn einstefnu á vegi á vestari gjáarbarmi (gamla Hafnarfjarðarvegi), á milli Borgarholtsbrautar og Hamraborgar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 10. febrúar 1981.

Leó E. Löve, fulltrúi.

15. janúar 1981.

Nr. 139.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum: